

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Rannsóknarsvið



Fornleifaskráning 2019

Minjakönnun við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi

vegna nýs deiliskipulags

Sigríður G. Björgvinsdóttir



Nýgræðnahúsið á Breiðamerkursandi. Ljós. SGB, 2019

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar	3
Breiðamerkursandur	5
Skráning.....	7
Lokaorð	13
Heimildir:.....	14

Inngangur

Jökulsárlón á Breiðamerkursandi er ein af náttúruperlum landsins með mikið aðdráttarafl, jafnt fyrir innlenda sem erlenda ferðamenn. Lónið tók að myndast í kjölfar hörfunar á Breiðamerkurjökli upp úr 1930 eftir margra alda framrásartíma á svonefndri Litlu-ísöld sem náði hámarki um 1900.¹ Fyrir myndun lónsins rann Jökulsáin, ýmist í einum eða fleiri farvegum frá jökuljaðri til sjávar, í misbreiðum farvegum.² Breiðamerkursandur er að stærstum hluta innan jarðamarka Fells, vestustu jarðar í Suðursveit, en jörðin fór í eyði 1873.³ Árið 2017 var landsvæði Breiðamerkursands milli Fjallsár og Fellsár felld innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs.⁴ Ferðapjónusta hefur verið rekin við eystri bakka Jökulsár í yfir 25 ár og hefur aðsókn að svæðinu aukist umtalsvert undanfarinn áratug.^{5,6} Í lýsingu að nýju deiliskipulagi fyrir Jökulsárlón segir að nauðsynlegt þykir að byggja upp þjónustu á svæðinu til að ná fram markmiðum þjóðgarðsins að náttúruvernd og þróun sjálfbærrar ferðapjónustu.⁷



Mynd 1. Skjáskot af skipulagsuppdraetti af deiliskipulagi fyrir Jökulsárlón. Gulir reitir afmarka deiliskipulagsreitina A og B. Heimild: Gláma-Kím, VSÓ Ráðgjöf. ©Loftmyndir ehf.

¹ Flosi Björnsson, 1993 bls. 19

² Flosi Björnsson, 1993 bls. 10-11

³ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 258

⁴ Vatnajökulsþjóðgarður, 2017

⁵ Gláma-Kím, VSÓ Ráðgjöf, 2019 bls. 2

⁶ Jökulsárlón ehf, 2015

⁷ Gláma-Kím og VSÓ Ráðgjöf, 2019 bls. 6

Að beiðni skipulagssviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar var óskað eftir úttekt á skipulagsreitum við Jökulsárlón með tilliti til minja líkt og lög gera ráð fyrir.⁸ Um er að ræða tvo framkvæmdareiti, A og B samtals um 430 ha (200 ha á landi, sjá mynd 1).⁹ Farið var á vettvang 17. október og 1. nóvember 2019, úttektarsvæðið gengið kerfisbundið og leitað eftir þekktum sem og óþekktum minjum. Minjar voru staðsettar samkvæmt heimildum með Trimble GeoXH stöð (gps-gagnatæki) og minjastaður ljósmyndaður. Sigríður G. Björgvinsdóttir náttúruvandfræðingur hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar sá um skráningu, úrvinnslu og skýrslugerð.

Fornleifaskráning, löggjöf og staðlar

Í 3. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

⁸ Lög um menningarminjar nr. 80/2012

⁹ Gláma-Kím og VSÓ Ráðgjöf, 2019 bls. 7

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

Skráning á minjum í þessari skýrslu er stöðluð samkvæmt skráningarkerfi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og stöðlum frá Minjastofnun Íslands (MÍ).

Skráningarformið er á þessa vegu:

Auðkennisnúmer – staðsetning – sérheiti – tegund – hlutverk – aldur – friðlýsing – ástand – hættumat – stærð – lýsing.

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer (úthlutað af Minjastofnun Íslands) – númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.

Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar. Skráð er ef fornleif hefur notið friðlýsingar og þá hvenær. Ástand minja metið út frá flokkun MÍ um sýnileika. Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af

náttúrulegum eða manna völdum. Stærð er skráð í mestri lengd og breidd í metrum. Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.

Breiðamerkursandur

Breiðamerkursandur liggur sunnan Breiðamerkurjökuls, frá Öræfajökli og Breiðamerkurfjalli að vestan yfir að Fellsfjalli og Veðurárdalsfjöllum að austan. Sandurinn er myndaður af jökulseti frá lokum síðasta jökulskeiðs fyrir um 10 þúsund árum og seinni tíma framburði Breiðamerkurjökuls og jökulvatna sem frá honum renna til sjávar.¹⁰ Jökullinn og ekki síst árnar sem hafa flæmst um sandinn í aldanna rás, hafa flutt til efni og mótað landið á sandinum með rofmætti og straumpunga sínum. Við landnám er Vatnajökull talinn hafa verið mun minni en nú á tímum og jökulsandurinn sléttur og gróinn allt að 10-15 km norður af núverandi Breiðárlóni við Breiðamerkurfjall.¹¹ Framrás Breiðamerkurjökuls á tímabili Litlu-ísaldar (1300-1900) olli því að jarðir í Öræfum og Suðursveit lögðust í eyði vegna ágangs jökulsins, sumar þeirra misstu tún og slægjulönd í aur og bleytu en aðrar fóru að öllu leyti undir jökul.¹²

Jökulsárlón tók að myndast 1934-1935 við jaðar jökulsins innan við ána og öldur þegar Breiðamerkurjökull tók að hopa frá sinni mestu útbreiðslu á sandinum.¹³ Fyrir myndun lónsins rann Jökulsáin frá jaðrinum, ýmist í einum eða fleiri farvegum til sjávar. Áin er ein stysta jökulá landsins, afrennslið frá upptökum til ósa einungis örfáir kílómetrar.

Á Breiðamerkursandi var talin blómleg byggð á landnámsöld: „og lengi þar á eftir fagurt hérað, grösug og víða vaxin skógi með fjölmörgum bæjum. En nú er þar sandauðn“, segir í lýsingu Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar á Breiðamerkursandi í ferðabók sinni frá 1772.¹⁴ Breiðamerkursandur er í landnámi Hrollaugs Rögnvaldssonar er nam land frá Horni að Kvía og gaf Þórði Illuga land milli Jökulsár og Kvíar.¹⁵ Þórður bjó undir Felli við Breiðá, en bær hans er talinn hafa verið Fjall við Bæjarsker í Breiðamerkurfjalli. Sandurinn er kenndur við bæinn Breiðá eða Breiðármörk sem talinn var höfuðból á söguöld og kemur fyrir í Landnámu og Njálu. Búsetusögu Fjalls (Fells) og Breiðár (Breiðármörk) lauk undir lok 17. aldar vegna framgangs Breiðamerkurjökuls á þeim tíma.¹⁶ Við austurjaðar Breiðamerkursands stóð stórbýlið Fell undir Fellsfjalli, vestasta jörðin í Suðursveit. Um 1700 voru ekki færri en fjórar hjáleigur í ábúð í landi Fells, en flestar þeirra komnar í eyði á 19. öld sem og heimaörðin sjálf, en bæinn tók af í miklum vatnagangi í Veðurá 1869.¹⁷

¹⁰ Helgi Björnsson, 1998 bls. 168

¹¹ Helgi Björnsson, 1998 bls. 168

¹² Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 255

¹³ Flosi Björnsson, 1993 bls. 18-19

¹⁴ Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson (1772,1981) bls. 296

¹⁵ Landnáma 84. kafli

¹⁶ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 258

¹⁷ Þorsteinn Guðmundsson, 1972 bls. 258



Mynd 2. Skjáskot af atlaskortateikningu danskra landmælingamanna frá 1903 af Breiðamerkursandi. Rauðar línur sýna leiðir manna yfir sandinn og svonefnda jökulleið sem farin vaar frá 1870 til 1940. Heimild: Landmælingar Íslands/söguleg gögn.


Frá landnámi og fram yfir miðja tuttugustu öld voru ferðir manna yfir óbrúaðar ár á Breiðamerkursand háðar aðstæðum hverju sinni og oft á tíðum voru þær mjög erfiðar. Á sandinum runnu ekki færri en fimm jökulár og nokkrar þeirra í fleiri en einum farvegi. Fram til 1967 var Jökulsá á Breiðamerkursandi mesti farartálminn af þeim öllum, sérstaklega á sumrin þegar hún varð ófær með öllu vegna leysinga. Djúpur, straumharður farvegur og háir bakkar beggja megin gerðu mönnum erfitt fyrir því föst vöð voru ekki í síbreytilegum jökulám. Þurfti því mikla aðgæslu og reynslu að komast yfir árnar og gat það tekið langan tíma. Fram til 1870 var áin riðin en það ár markar upphaf jökulleiðarinnar, þess að fara yfir jökulinn á stikaðri leið upp frá ánni þegar hún var ófær (sjá mynd 2).¹⁸ Fylgdarmaður var ráðinn að fylgja ferðafólki og hestum yfir og viðhalda leiðinni. Að fara á undirvarpi kallaðist þegar

¹⁸ Páll Þorsteinsson, 1985 bls. 36-38

farið var yfir á ísskör rétt ofan við útfallið, sú leið var styttri en ekki áhættulaus ferkar en sjálf jökulleiðin.¹⁹ Um 1940 hófust ferjuflutningar á bátum yfir Jökulsá við útfallið úr lóninu en með því lagðist af sá hluti þjóðleiðarinnar sem legið hafði yfir jökulinn í nærri 70 ár. Brú á Jökulsá á Breiðamerkursandi var vígð 2. september 1967.

Skráning

Innan úttekarsvæðisins voru 4 minjastaðir skráðir samkvæmt staðli Minjastofnunar og fer lýsing þeirra hér eftir (sjá mynd 3 og 4). Ekki flokkast allar minjarnar sem skráðar voru undir fornleifar samkvæmt aldursákvæðum í lögum um menningarminjar.²⁰ Innan deiliskipulagsreits A standa nú þegar tvö mannvirki; brúin yfir Jökulsá sem reist var á árunum 1966-1967 og veitingahús við eystri bakka Jökulsár, reist 1991.²¹



Mynd 3. Skráðar minjar innan úttekarsvæðisins, rauðir punkta sýna staðsetningu minjastaða 2068:001 – 2068:004 varpað á loftmynd. Svartur rammi afmarkar úttekarsvæðið. Kortagerð: Sigríður G Björgvinsdóttir. ©Loftmyndir ehf.

¹⁹ Flosi Björnsson, 1993 bls. 12-14

²⁰ Lög um menningarminjar nr. 80/2012

²¹ Þjóðskrá Íslands, fasteignaskrá



Mynd 4. Uppmældar minjar (2068:001 og 2068:003) varpað á loftmynd. ©Loftmyndir ehf.



Mynd 5. Horft til suðausturs yfir deiliskipulagssvæðið. Ljós. SGB, okt. 2019.

Auðkennisnúmer: 2068:001 - Sæluhúsið á Breiðamerkursandi

Í Örnefnaskrá fyrir jörðina Fell frá 1961 segir: „Sæluhús er vestan Jökulsár við veginn og Lónið.“²² Árið 1909 óskaði sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu eftir því við landsstjórn að byggt yrði sæluhús á Breiðamerkursandi, milli Breiðár og Jökulsár.²³ Samþykki landstjórar fékkst sama ár og tveimur árum seinna (1911) var sæluhúsið reist undir öldunum, rétt austan Nýgræðnakvísla (sjá mynd 6 og 7). Árið 1925 var sæluhúsið að hrúni komið og óskaði þá sýslunefnd eftir að vegagerðin kæmi upp nýju sæluhúsi.

Staðsetning : A 635051.802 – N 396233.118

Sérheiti: Nýgræðnahúsið

Tegund: tóft/áletrun

Hlutverk: sæluhús

Aldur frá: 1911

Aldur til: 1926

Friðlýst: nei

Ástand: horfið vegna niðurrifs

Hætta: hætta vegna rasks

Vegghæð frá: 0,3 m


Vegghæð til: 1,2 m

Veggjabreidd: 0,8 m



Mynd 6. Eldra Nýgræðnahúsið (tóft :001). Ljósm. SGB, okt. 2019.

Lýsing: Eldra húsið var hlaðin tóft úr steinum og hnausum með pláss fyrir hesta en svefnloft í risi fyrir ferðamenn. Húsið þurfti mikið viðhald, steinarnir núnir og hnausarnir að mestu úr sandi og leir. Tóftin stendur um 240 m norðan við Þjóðveg 1. Hleðslur hafa hrúnið úr veggjum (mynd 7).



Mynd 7. Tóft 2068:001, Nýgræðnahúsið, horft til norðurs.. Ljósm. SGB, okt. 2019.

²² Ö-skrá fyrir Fell, 1961, bls. 1

²³ Sigurður Björnsson, 2007 bls. ??

Auðkennisnúmer: 2068:002 - Sæluhúsið á Breiðamerkursandi

Í Örnefnaskrá fyrir jörðina Fell frá 1961 segir: „Sæluhús er vestan Jökulsár við veginn og lónið.“²⁴ Árið 1909 óskaði sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu eftir því við landsstjórn að byggt yrði sæluhús á Breiðamerkursandi, milli Breiðár og Jökulsár.²⁵ Samþykki landstjórnar fékkst sama ár og tveimur árum seinna (1911) var sæluhúsið reist undir öldunum, rétt austan Nýgræðnakvísla. Árið 1925 var sæluhúsið að hruni komið og óskaði þá sýslunefnd eftir að vegagerðin kæmi upp nýju sæluhúsi. Nýtt hús reis sumarið 1926. Húsið stóð mun austar en eldra sæluhúsið og var húsið í notkun fram til 1970 (sjá mynd 8 og 9).

Staðsetning : A 635834.954– N 396039.462

Sérheiti: Nýgræðnahúsið

Tegund: áletrun/heimild

Hlutverk: sæluhús

Aldur frá: 1926

Aldur til: 1970

Friðlýst: Nei


Ástand: horfið vegna niðurrifs

Hætta: hætta vegna rasks



Lýsing: Um 800 m suðaustan við tóft 001 stóð yngra sæluhúsið. Húsið var bárujárnsklætt timburhús og stóð rétt við þjóðvegin sem lá þá um 50 m sunnan við núverandi legu þjóðveggar 1 (sjá mynd ??).

Mynd 8. Yngra Nýgræðnahúsið (2068:002). Ljós. SGB, okt. 2019



Mynd 9. Nýgræðnahúsið var bárujárnsklætt timburhús, horft til norðausturs. Myndin er tekin 1931 af Todtmann. Úr ljósmyndasafni Kvískerjabræðra.

²⁴ Ö-skrá fyrir Fell, 1961, bls. 1

²⁵ Sigurður Björnsson, 2007 bls. 44

Auðkennisnúmer: 2068:003

Innan við jökulölduna, rúmlega 70 m norðastan við tóft 001 er hleðsla úr grjóti (sjá mynd 4 og 10).

Staðsetning : A 635106.162 – N 396285.383

Sérheiti:

Tegund: hleðsla

Hlutverk: óþekkt

Aldur frá: 850

Aldur til: 1950

Friðlýst: Nei

Ástand: sést til minja

Hætta: hætta vegna rasks

Vegghæð frá: 0,2 m

Vegghæð til: 0,9 m

Veggjabreidd: 0,8 m



Mynd 10. Líklega rétt eða aðhald (2068:003) norðan við jökulölduna. Ljós. SGB, okt. 2019.

Lýsing: Hringlaga grjóthleðsla í tveimur hlutum, trúlega rétt eða aðhald fyrir búfénað eða hesta. Hleðslur hafa hrunið (sjá mynd 10).

Auðkennisnúmer: 2068:004 -Skipbrotsmannaskýli á Breiðamerkursandi

Í Örnefnaskrá fyrir jörðina Fell frá 1961 segir: „... en skipbrotsmannaskýli austan ár er líka við veginn.“²⁶ Skipbrotsmannaskýli eða Neyðarskýli Slysavarnarfélags Íslands stóð upp á sléttunni austan við farveg Jökulsár (sjá mynd 11 og 12). Húsið var reist á árunum 1946-1948 en kvennadeild Slysavarnarfélagsins í Reykjavík lagði fram fé til byggingarinnar og jafnframt lagði til hússins áhöld, matvæli og fatnað þann sem ávallt skyldi vera í skýlinu. Skarphéðinn Gíslason á Vagnstöðum sá um byggingu hússins en hann ásamt þorsteini Guðmundssyni á Reynivöllum voru fyrstu eftirlitsmenn með skýlinu. Í dagbókum hússins kemur fram að það gekk einnig undir nafninu Sæluhúsið á Breiðamerkursandi og fjöldi manns nýtti sér aðstöðuna í húsinu á ferðum sínum yfir Breiðamerkursand. Húsið var rífið á níunda áratug 20. aldar.²⁷

Staðsetning: A 638174.270 – N 397212.888

Sérheiti: Sæluhúsið á
Breiðamerkursandi

Tegund: heimild

Hlutverk: neyðarskýli

Aldur frá: 1948

Aldur til: 1985

Friðlýst: Nei

Ástand: horfið vegna niðurrifs

Lýsing: Húsið stóð upp á sandinum austan ár, tæpum 500 metrum austan við núverandi þjónustuhús við Jökulsárlón. Húsið var bárujárnsklætt timburhús. Engin ummerki eru sjáanleg um húsið þar sem það stóð (sjá mynd ??).



Mynd 11. Skipbrotsmannaskýlið á Breiðamerkursandi, horft til norðvesturs. Ljósmyndari óþekktur, mynd í vörslu Héraðskjalasafns A-Skaft (2014-7780)



Mynd 12. Horft suðurs yfir sléttuna austan farveg Jökulsár. Skipbrotsmannaskýli stóð á sléttunni fyrir sunnan veginn. Ljós. SGB, okt. 2019.

²⁶ Ö-skrá fyrir Fell, 1961 bls. 1

²⁷ Björn G. Arnarson, munnleg heimild.

Lokaorð

Í þessari úttekt fyrir minjar í vestasta hluta landi Fells í Suðursveit, nú innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs, voru samtals 4 minjastaðir skráðir. Af þeim voru 1 tóft, 1 hleðsla aðhalds og tvær skráningar á horfnum húsum. Minjastaðirnir eru allir utan við fyrirhugaða framkvæmdareita eins og sjá má á myndum 1 og 3, þar sem staðsetning þeirra er varpað á loftmynd. Taka skal sérstaklega fram að minjastður 2068:002 er fast við reit B. Meta má að staðurinn sé í hættu vegna framkvæmda en Minjastofnun Íslands tekur afstöðu til þess.

Bent skal á, að samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) eru fornminjar (forngripir og fornleifar), hundrað ára og eldri, sjálfkrafa **friðaðar** nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

Heimildir:

Flosi Björnsson (1993). Samtíningur um Jökulsá á Breiðamerkursandi og Jökulsárlón. *Skaftfellingur*, 9. árgangur, bls. 8-25.

Gláma-Kím og VSÓ Ráðgjöf (2019). *Nýtt deiliskipulag við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi í Sveitarfélaginu Hornafirði. Greinargerð og skilmálar, maí 2019*. Sótt á vef www.hornafjordur.is/skipulag

Helgi Björnsson (1998). Frá Breiðumörk til jökulsandss: mótun lands í þúsund ár. Í Gísli Sverrir Árnason (ritstj.) *Kvískerjabók, rit til heiðurs systkinunum á Kvískerjum*. (bls. 164-176). Höfn í Hornafirði: Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu.

Jökulsárlón ehf. Sótt 01.11.2019 á www.icelagoon.is

Landmælingar Íslands (2019). *Söguleg gögn*. Sótt 28.10.2019 á https://atlas.lmi.is/soguleg_gogn/herforingjarad_frumgogn_myndir/atlaskort_teikningar/JPEG/1903-1-56.jpg

Landnáma 84. kafli. Sótt 25. 10.2019 á <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

Loftmyndir ehf (2017). Loftmyndagrunnur. GeoTIFF miðflugs-litmynd.

Lög um menningarminjar, nr. 80 2012.

Páll Þorsteinsson (1985). *Samgöngur í Skaftafellssýslum*. Hornafirði.

Sigurður Björnsson (2007). *Sótt fram*. Menningarmiðstöð Hornafjarðar.

Stefán Einarsson (1961). *Örnefnaskrá - Fell*. Heimildamaður: Þorsteinn Guðmundsson á Reynivöllum. Örnefnastofnun Árna Magnússonar.

Vatnajökulspjóðgarður (2019). www.vatnajokulsthodgardur.is

Þjóðskrá Íslands (2019). Fasteignaskrá. Sótt 01.11.2019 á <https://www.skra.is/leit-i-fasteignaskra/>

Þorsteinn Guðmundsson (1972). Byggðasaga Borgarhafnarhrepps. Í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, II. bindi* (bls. 131-264). Reykjavík: Bókaútgáfa GuðjónsÓ.